

Nd.

323. Nefndarálit

um frv. til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi eigi getað orðið sammála meiri hluta allsherjarnefndar um frv. þetta. Ekki fyrir þá sök, að jeg vilji fella frv., heldur af því, að jeg vil gera á því ýmsar breytingar, sem meiri hlutinn vill ekki fallast á.

Það, sem skifti leiðum, var aldurstakmarkið í 1. gr. Tel jeg sjálfsagt, að allir karlar og konur, sem eru 21 árs að aldri, öðlist kosningarrjett. Liggja til þess margar og ríkar ástæður, og sú fyrst, að þá hafa menn að jafnaði fengið þá almennu mentun og þekking, er þeir annars fá undir lífsstarf sitt; einnig hitt, að mönnum á þessum aldri eru annars veitt svo margvísleg rjettindi í þjóðféluginu og þeim lagðar svo miklar skyldur á herðar, að mjer þykir ekki áhorfsmál að veita þeim rjett til að kjósa þá menn, er eiga að fara með opinber málefni.

Þá vil jeg og fella niður 6. tölul. í 1. gr. Tel jeg það ranglæti eiga að

hverfa úr löggjöfnni, að menn missi rjettindi sín, ef þeir neyðast til að þiggja sveitarstyrk.

Þá þykir mjer varhugavert, að kjörstjórnir úrskurði um kjörgengi. Um þetta fjallar 4. gr., og vil jeg því fella hana alveg niður.

Rjettara tel jeg að kjósa aðeins á þriggja ára fresti til bæjarstjórna, og kjósa þá helming fulltrúa. En læt þó kjörtímabilið, 6 ár, standa óbreytt.

Heppilegra álit jeg, að varamenn sjeu kosnir um leið og aðalfulltrúar til bæjarstjórna. Þarf þá eigi að fara fram aukakosning, þótt fulltrúi fari úr bæjarstjórn. En eigi er að þessu sinni gerð tillaga um það, en má vera að fram komi við 3. umr.

Fyrir breytingartillögum verður gerð nánari grein í framsögu.

Jeg leyfi mjer að leggja til, að á frv. verði gerðar þessar

BREYTINGAR:

1. a. Við 1. gr. 1. Í stað »25« komi: 21.
b. Við 1. gr. 6. Liðurinn falli niður.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.
3. Við 5. gr. Í stað »Á hverjum 2 ára fresti ... eftir því sem á stendur« komi: Helmingur bæjarfulltrúa fer frá á hverjum 3 ára fresti, ef tala þeirra er jöfn, en ef tala þeirra stendur á stöku, fer meiri hlutinn frá hið fyrra skiftið, en minni hlutinn hið síðara.
4. Við 11. gr. Í stað orðanna í 2. málsgr. »Nú er ókjörgengur maður á lista eða eigi þykir« komi: Nú þykir eigi.
5. Við 15. gr. Í stað »meðmælendur« í 1. málsgr. komi: umboðsmenn.

Alþingi, 11. apríl 1926.

Jón Baldvinsson.